

Bréf frá Skeiðfélaginu til stjórnar LH dags. 26. okt. 2020

Góðan daginn, takk fyrir ábendinguna og bréfið.

Um mannleg mistök virðist vera að ræða sem ekki munu eiga sér stað aftur. Það lítur út fyrir að knapi þessi hafi skráð sig sjálfur í báðar greinarnar og engin í framkvæmdarnefnd kveikt á perunni. Slíkt mun ekki koma fyrir aftur.

Við sama tilefni langar okkur hjá stjórn Skeiðfélagsins að benda á það að reglur um kappreiðaskeið mættu vera skýrari og þá sérstaklega framkvæmd þegar keppendur eru í básum og ræsingu. Það er ótækt að á einum kappreiðum skuli knapar vera allir komnir inn í box og búið að loka á eftir þeim áður en ræst er en á öðrum kappreiðum fái keppendur "fljúgandi start" með tilheyrandi bætingu á tímum.

F.h. Skeiðfélagsins

Árni Sigfús Birgisson formaður.